

beri ekki að telja áðurgreindan 20.000,00 króna mismun á matsverði og söluverði þeirra 10 kúa, sem gerðarþoli seldi, til skattskyldra tekna, heldur sé hér í eðli sínu fremur um að ræða eignarbreytingu.

Kemur því varakrafa gerðarþola um, að tekið verði tillit til þess, að framleiðslukostnaður hvers grips hafi reynzt miklu hærri en skattyfirvöldin hafi áætlað, ekki til álita í máli þessu. Með því að niðurstaða fógetadómsins er sú, að skattskyldar tekjur gerðarþola fyrir árið 1956 hafi verið oftaldar um kr. 20.000,00 og honum því gert að greiða mun hærri tekjuskatt á árinu 1957 en honum bar, verður að synja um framkvæmd hins umbeðna lögtaks.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 16. júní 1959.

Nr. 80/1958. **Finnbogi Kjartansson** (Sigurður Ólason hrl.)

gegn

**Unni Á. Jónsdóttur,**

**Gunnari Sigurðssyni**

og

**Jónínu Jónsdóttur** (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útburðarbeiðni synjað.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur með stefnu 9. júní 1958 skotið máli þessu til Hæstaréttar, að því er það varðar stefndu Unni Á. Jónsdóttur. Þá hefur hann með framhaldsstefnu 27. nóvember 1958 og að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. áfrýjað málinu, að því er snertir stefndu Gunnar Sigurðsson og eigin-

konu hans, Jóninu Jónsdóttur. Krefst áfrýjandi þess, að ákveðinn verði útburður á stefndu Gunnari Sigurðssyni og Jónínu Jónsdóttur úr íbúð þeirri, sem stefnda Unnur Á. Jónsdóttir hefur til afnota í húsinu nr. 54 við Háteigsveg, og að stefndu Unni Á. Jónsdóttur og Gunnari Sigurðssyni verði dæmt að greiða honum málskostnað in solidum í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Vegna hjónaskilnaðar málsaðiljanna Finnboga Kjartanssonar og Unnar Á. Jónsdóttur hefur bú þeirra verið tekið til opinberra skipta samkvæmt ákvæðum 6. kapitula skiptalaga, nr. 3/1878, og VII. kafla laga um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20/1923, og er skiptum ekki lokið. Skiptaráðandi á úrskurðarvald um ágreining, sem með hjónum verður, meðan á skiptum stendur, um meðferð og ráðstöfun á eignum húsinns. Áfrýjandi, sem átelur hagnýtingu stefndu Unnar Á. Jónsdóttur á íbúð þeirri í húsinu nr. 54 við Háteigsveg, sem hún hefur fengið til afnota, átti því, eins og hér stóð á, að æskja úrlausnar skiptaráðanda um þetta deiluefni. Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða fógetaúrskurðar.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, stefndu Unni Á. Jónsdóttur kr. 700,00 og stefndu Gunnari Sigurðssyni og Jónínu Jónsdóttur sameiginlega kr. 700,00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Finnbogi Kjartansson, greiði stefndu Unni Á. Jónsdóttur málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 700,00, og stefndu Gunnari Sigurðssyni og Jónínu Jónsdóttur sameiginlega málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 700,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 23. maí 1958.

Gerðarbeiðandi, Finnbogi Kjartansson, hefur krafizt þess, að gerðarþoli Gunnar Sigurðsson verði ásamt öllu, sem honum tilheyrir, borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur að undanfögnu haft til afnota í húsinu nr. 54 við Háteigsveg. Hann hefur krafizt þess, að ofanefndum Gunnari og gerðarþolanum Unni Áslaugu Jónsdóttur verði in solidum gert að greiða sér málskostnað.

Gerðarþolar hafa mótmælt framgangi útburðar og krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 20. marz sl. Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregizt vegna annríkis við embættið.

Gerðarbeiðandi, Finnbogi Kjartansson, og gerðarþoli Unnur Á. Jónsdóttir mættu fyrir borgardómaranum í Reykjavík miðvikudaginn 13. febrúar 1957 í sambandi við skilnaðarkröfu Unnar. Samþykkti Finnbogi kröfu hennar um skilnað að borði og sæng. Enn fremur samþykkti hann, að hún fengi þá þegar afnotarétt af íbúð félagsbúsins og héldi honum, þar til endanlega yrði gengið frá skiptum. Hefur endurrit úr hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur verið lagt fram í málinu. Félagsbú þetta hefur að undanfögnu verið til meðferðar í skiptarétti Reykjavíkur.

Gerðarbeiðandi ritar fógetarétti Reykjavíkur hinn 11. nóvember 1957 og skýrir svo frá, að gerðarþoli Unnur Á. Jónsdóttir hafi leigt óviðkomandi fólki hluta af íbúð þessari. Var þess krafizt, að fólk þetta yrði borið út úr íbúðinni, en nafna fólksins ekki getið, og var fyrst bætt úr því í bréfi gerðarbeiðanda, dags. 9. janúar sl.

Er þess nú krafizt, að gerðarþoli Gunnar Sigurðsson verði borinn út úr ofangreindri íbúð ásamt öllu, sem honum tilheyrir. Því er fastlega haldið fram, að samþykki gerðarbeiðanda til þess, að gerðarþoli Unnur fengi afnot húsnæðisins, hafi verið gefið á þeirri ákveðnu forsendu, að hún notaði húsnæðið aðeins fyrir sig persónulega og barn þeirra gerðarbeiðanda, og hefði ekki komið til mála, að gerðarbeiðandi hefði samþykkt þessi afnot með öðru móti. Hún hafi í algeru leyfisleysi leigt Gunnari Sigurðssyni hluta af íbúðinni, þar á meðal eldhúsafnot með sér, og þurfi gerðarbeiðandi engan veginn að sætta sig við þetta og það því síður sem hann eigi ýmsa persónulega muni sína í íbúðinni.

Af hálfu gerðarþolanna er því haldið fram, að afnotaréttur gerðarþola hafi á engan hátt verið takmarkaður, er gerðarbeiðandi gaf samþykki sitt til afnotanna. Megi hún því notfæra sér húsnæðið að eigin vild að því tilskildu, að hún fari ekki út fyrir venjuleg afnot slíkra íbúða. Með því að hún geti alls ekki verið ein með barnið í íbúðinni, bæði vegna þess, að hún vinni úti á daginn, og eins vegna þess, að hún hafi orðið fyrir ýmsum búsisfjum af gerðarbeiðanda, og vísar hún til lögregluskýrslna, sem lagðar hafa verið fram í málinu sem rskj. 5—9 incl., hafi hún ráðizt í það að leigja gerðarþola Gunnari 2 herbergi og eldhúsaðgang. Hafi Gunnar og kona hans gengið mjög vel um húsnæðið og engum munum spillt þar, enda noti þau aðeins eigin húsgögn.

Því er haldið fram af hálfu gerðarþolanna, að Unnur hafi á engan hátt brotið í bág við samkomulag við gerðarbeiðanda með þessari ráðstöfun, og mótmæla gerðarþolarnir framgangi útburðarins á þeim grundvelli. Þau vefengja, að gerðarbeiðandi hafi nokkurn rétt til að fara fram á útburðargerðina, þar eð félagsbúið sé undir opinberum skiptum.

EKKI þykir ástæða til þess að fara út í skýrslur lögreglunnar, sem að framan hefur verið minnzt á.

Skv. endurriti úr hjónaskilnaðarbók Reykjavíkur heimilaði gerðarbeiðandi gerðarþola Unni Á. Jónsdóttur afnotarétt af íbúð félagsbús þeirra, þar til endanlega yrði gengið frá skiptum. Skiptum er enn ekki lokið. Verður ekki talið, að fógetarétturinn sé bær að útkljá þetta deiluefni aðiljanna með beinni fógétagerð, og þegar af þeirri ástæðu verður synjað um framgang hinnar umbeðnu útburðargerðar.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.